

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 760/2021, um styrki vegna hjálpartækja.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo:

Sjúkratryggingar Íslands greiða styrki vegna hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða til að auðvelda einstaklingum að takast á við almennar athafnir daglegs lífs. Einkum er um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjargar og öryggis en einnig hjálpartæki í ákveðnum tilvikum til þjálfunar og meðferðar sem stuðla að því auka virkni einstaklingsins. Við val á hjálpartæki skal horft til þess hversu virkur notandinn er, s.s. þátttaka í atvinnulífi eða skóla og hvort hjálpartækið efli sjálfsbjargargetu við almennar athafnir daglegs lífs. Þegar um er að ræða fötluð börn skal jafnframt horft til þess hvort hjálpartæki sé nauðsynlegt til leiks og tómsunda þeirra. Tæki ætluð til líkamsæfinga, s.s. lóð og lyftingatæki, flokkast ekki undir hjálpartæki skv. reglugerð þessari né tæki til skipulagðra íþróttæfinga fyrir fullorðna. Þá er ekki veittur styrkur til að kaupa almenn tæki, svo sem heimilistæki, nema þegar um er að ræða aukabúnað eða séraðlöggun. Enn fremur er ekki veittur styrkur til að kaupa (auka) hjálpartæki til að hafa á heimili aðstandenda ef viðkomandi býr annars staðar eða á heimavist skóla.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 22. mars 2024.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 27. mars 2024